



HAUSTTÓNLEIKAR

KVENNAKÓRS AKUREYRAR

Akureyrarkirkju
8. október 2017 kl. 17:00

Stjórnandi:
Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Meðleikari:
Daníel Þorsteinsson



Kvennakór Akureyrar

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001. Í honum starfa að jafnaði í um 60 konur, á öllum aldri, frá Akureyri og nærsveitum. Formaður kórsins er Þórunn Jónsdóttir og stjórnandi Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Efnisskráin er mjög fjölbreytt og hefur aðalmerki kórsins verið metnaðarfull efnisskrá sem sótt er víða að.

Starfsemi Kvennakórs Akureyrar er að öllu leyti sjálfsprottin og kórkonur sjá sjálfar um rekstur kórsins. Kórinn hefur aðild að Gígjunni, landsamtökum kvennakóra á Íslandi og þátttaka í landsmótum kvennakóra hefur verið veigamikill þáttur í starfsemi Kvennakórs Akureyrar. Í maí 2014 stóð Kvennakórinn Akureyrar fyrir afar fjölmennu og glæsilegu kóramóti íslenskra kvennakóra þar sem saman komu um 700 konur úr kvennakórum af landinu öllu. Um var að ræða níunda landsmót kvennakóra á Íslandi.

Kvennakór Akureyrar hefur gegnt mikilvægu hlutverki í menningarlífi Akureyrar og nágrennis. Þó að á svæðinu starfi nokkrir karlakórar og blandaðir kórar, kvennakórar eru hins vegar fáir og eru valkostir ekki margir fyrir konur sem vilja syngja í kvennakór. Kvennakór Akureyrar hefur því verið mikilvægur kostur fyrir þær. Einnig skipar Kvennakórinn mikilvægt hlutverk í að halda uppi merkjum kvennamenningar og að hjálpa við að viðhalda fjölbreyttu tónlistarlífi á svæðinu. Kórinn hefur líka reynt að gera sitt til að gefa til baka til samfélagsins, t.d. með því að syngja án endurgjalds fyrir íbúa í Hlíð og Lögmanshlíð, sem og að halda Mæðrastyrkstónleika.

Efnisskrá

Sto mie milo

Þjóðlag frá Makedóníu

Malaika

Lag og ljóð: Eignað Adam Salim

Sway

Ljóð: Norman Gimbel.

Lag: Kirby Shaw.

Blackbird

Ljóð og lag: John Lennon og Paul McCartney.

Sunny day in June

Ljóð Jón Jónsson

Lag: Helga Margrét Marzellíusardóttir.

Morgunn

Lag og texti: Tómas R. Einarsson.

Úts.: Aðalheiður Þorsteinsdóttir

Þannig týnist tíminn

Lag og ljóð: Bjartmar Guðlaugsson.

Úts.: Heiðar Sigurðsson

Afmælistveðja

Ljóð: Haraldur Stígsson.

Lag: Halldór Smárason,

Samið fyrir Gígjuna, samband íslenskra kvennakóra, fyrir kóramót á Ísafirði
11.-14. maí 2017.

Vildi ég til þín veginn finna

Ljóð Halldóra B. Björnsson

Lag: Helga Margrét Marzellíusardóttir.

Ave Maria

Lag og ljóð: Zoltán Kodály

Kvöldljóð

Ungverskt þjóðlag.

Ljóð: Jón Hlöðver Áskelsson

Spinna minni

Lag: Mist Þorkelsdóttir

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn.

Þaðan lauk hún meistaraþrófi í kirkjutónlist undir handleiðslu prof. Bine Bryndorf. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Hún heldur reglulega tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungbarna.

Sigrún hefur starfað sem organisti og kórstjóri í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Sigrún starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju, við Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Sigrún fékk úthlutað listamannalaunum frá íslenska ríkinu árið 2016.

Daníel Þorsteinsson

Daníel Þorsteinsson píanóleikari er fæddur í Neskaupstað og hóf þar sitt tónlistarnám. Hann lauk burtfarar- og píanókennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 1986 og stundaði framhaldsnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam, þaðan sem hann lauk prófi árið 1993.

Daníel hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi um árabil, komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem og í samleik með einsöngvurum og smærri tónlistarhópum.

Daníel fór með stjórn Kvennakórs Akureyrar á árunum 2009-2016. Hann var tilnefndur bæjarlistamaður á Akureyri árið 2000, býr nú í Eyjafjarðarsveit og gegnir m.a. starfi organista við Laugalandsprestakall í Eyjafirði.

Kórin þakkar veittan stuðning

Sprettur - Inn
PIZZERIA GRILL ☎ 4 64 64 64